



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS  
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

FYRSTA AÐALDEILD

**MÁL ÓLAFSSONAR gegn ÍSLANDI**

*(Kæra nr. 58493/13)*

DÓMUR

STRASBORG

16. mars 2017

*Dómur þessi verður endanlegur með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. 44. gr. samningsins. Texti hans kann að sæta breytingum ritstjóra.*



## Í máli Ólafssonar gegn Íslandi

kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (fyrsta aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

Linos-Alexandre Sicilianos, *forseta*,  
Kristina Pardalos,  
Aleš Pejchal,  
Robert Spano,  
Armen Harutyunyan,  
Tim Eicke,  
Jovan Ilievski, *dómurum*,

og Renata Degener, *aðstoðarritara aðaldeildar*,  
eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 21. febrúar 2017,  
upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag er síðast greinir:

## MÁLSMEDFERÐ

1. Mál þetta á upphaf sitt í kærú (nr. 58493/13), sem Steingrímur Sævar Ólafsson („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi samkvæmt 34. gr. Samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („Mannréttinasáttmálans“) hinn 20. ágúst 2013.

2. Í fyrirsvári fyrir kæranda er Jónas Friðrik Jónsson, lögmaður í Reykjavík. Í fyrirsvári fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu, sem umboðsmaður þess.

3. Kærandi taldi að samkvæmt 10. gr. Mannréttinasáttmálans hefði dómur Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 21. febrúar 2013, falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi hans, sem ekki væri mælt fyrir um í lögum og ekki bæri nauðsyn til í lýðræðisþjóðfélagi.

4. Kæran var send ríkinu 20. nóvember 2015.

## MÁL SATVIK

### I. MÁLAVEXTIR

5. Kærandi er fæddur 1965 og búsettur í Reykjavík. Á þeim tíma sem um ræðir var hann ritstjóri fréttaveitunnar Pressunnar.

6. 2. nóvember 2010 birtu tvær systur á fullorðinsaldri grein og bréf á vefsíðu sinni, þar sem þær hvöttu fólk til þess að kanna bakgrunn frambjóðenda í komandi kosningum til stjórnlagabings. Einkum vörðu systurnar við A, skyldmenni þeirra, sem boðið hafði sig fram í kosningunum.

Í bréfinu staðhæfðu þær að A hefði framið á þeim kynferðisbrot meðan þær voru börn. Höfðu systurnar áður sent bréfið til skyldmenna sinna, lögregluvalda og Barnaverndarstofu. Af einhverjum ástæðum hefði lögreglan ekki tekið málið til rannsóknar.

7. 7. nóvember 2010 var í Pressunni birt grein um ásakanir systranna. Greinin byggði á viðtali við aðra systurina og á bréfinu sem birt hafði verið á vefsíðu þeirra. Einnig var haft samband við A, og svar hans, þar sem hann hafnaði ásökuninum, var birt í greininni ásamt yfirlýsingu hans þess efnis að hann hygðist ekki tjá sig frekar um málið. Með greininni voru birtar myndir af systrunum.

8. 8. nóvember 2010 var í Pressunni birt grein um athugasemdir sem A hefði gert við fréttablað, þar sem hann hafnaði öllum ásökunum og hótaði Pressunni málsókn fyrir að vera fyrst til þess að birta ásakanirnar. Ennfremur voru í greininni athugasemdir frá annarri systranna. Með greininni voru birtar myndir af annarri systurinni og A.

9. 27. janúar 2011 var í Pressunni birt grein um að systrunum hefði borist bréf frá lögmanni A, þar sem boðnar voru sættir í málinu, en að öðrum kosti myndi A höfða gegn þeim meiðyrðamál, svo og um að systurnar fögnuðu tækifærinu til þess að færa sönnur á ásakanir sínar fyrir rétti. Greinin byggði á viðtali við systurnar og ummælum á vefsíðu þeirra. Höfnun A á ásökunum kom einnig fram í greininni. Með greininni voru birtar myndir af systrunum.

10. 22. og 23. febrúar og 30. maí 2011 voru birtar í Pressunni frekari greinar um málið á grundvelli staðhæfinga systranna á vefsíðu sinni og í öðrum fjölmiðlaviðtölum varðandi athugasemdir A í öðrum miðlum og um ummæli dóttur A í sjónvarpsviðtali. Með öllum greinum voru birtar myndir af systrunum.

11. Í öðrum miðlum voru einnig birtar greinar og viðtöl við systurnar.

12. Meðan á þessu stóð, 10. apríl 2011, höfðaði A meiðyrðamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn kæranda og krafðist þess að eftirfarandi ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk:

A: „Systur: Sitjum ekki þegjandi undir því að barnaníðingur bjóði sig fram til stjórnlagabings.“

B: „Við gátum ekki setið þegjandi undir því að barnaníðingur byði sig fram til stjórnlagabings.“

C: „Ég veit ekki hvort þetta sé löglegt hjá okkur systur en það er aukaatriði. Maðurinn er stórhættulegur og hann gengur laus.“

D: „Systur láta ekki dóttur [A] sussa á sig – Barnaníð ekki einkamál fjölskyldu hans.“

E: „Barnaníð er aldrei einkamál sem fjölskylda níðinga getur tekið að sér að leysa. Barnaníð er glæpur.“

F: „Barnaníðingar eiga ekki að fá að fara huldu höfði – Fyrirgefning má ekki fela í sér með-virkni.“

13. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. prentlaga (lög nr. 57/1956, um prentrétt), ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgð á ritinu ef engin höfundur er nafngreindur. A taldi að ábyrgð á ummælunum lægi hjá kæranda, sem ritstjóra Pressunnar, á grunvelli 15. gr. prentlaga með lögjöfnun, þar sem höfundur greinanna væri ekki nafngreindur.

14. Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi var B, sem er blaðamaður, nafngreindur sem höfundur greinanna. Hann gaf skýrslu fyrir héraðsdómi en hafði ekki frekari aðkomu að málinu. B kvaðst hafa leitað eftir athugasemdum frá A áður en greinarnar voru birtar en að það hefði ekki borið árangur eftir birtingu fyrstu greinarinnar. Hann kvaðst einnig hafa reynt að sannreyna trúverðugleika systranna og sannleiksgildi ásakana þeirra með því að ræða við systurnar, son A, lögreglu, einn af vinnuveitendum systranna, annað meint fórnarlamb og annað fólk sem systurnar nefndu í skrifum sínum, sem staðfest gætu að ásakanirnar væru ekki að koma fram í fyrsta skipti vegna framboðs A, heldur hefðu verið á vitorði fjölskyldunnar og lögreglunnar um árabíl. Hefði B einnig reynt að ná sambandi við Barnaverndarstofu, en án árangurs.

15. Fyrir héraðsdómi báru systurnar að rétt hefði verið eftir þeim haft í Pressunni og að þær hefðu samþykkt birtingu ummæla þeirra. Ennfremur sögðu þær frá því að A hefði ekki höfðað meiðyrðamál gegn þeim.

16. Með dómi, sem kveðinn var upp 22. febrúar 2012, dæmdi héraðsdómur kæranda í hag.

17. Að því er varðar lagarök taldi héraðsdómur að 15. gr. prentlaga ætti ekki við um efni sem birt væri einvörðungu á netinu og því væri ekki unnt að beita 3. mgr. 15. gr. með lögjöfnun. Hins vegar taldi rétturinn að á ritstjórum vefmiðla hvíldi ábyrgðarskylda þegar greinar væru birtar án þess að höfundur væri nafngreindur og að ritstjóra væri skylt að tryggja að efni, sem birt væri á vefmiðlum ylli ekki öðrum miska eða raskaði friðhelgi einkalífs þeirra. Á þeim forsendum hafnaði rétturinn þeirri málsástæðu kæranda að málshöfðuninni væri ranglega beint gegn honum.

18. Að því er varðar málsástæður var í dóminum að finna eftirfarandi röksemdafærslu:

„Umrædd ummæli á [Pressunni] 7. nóvember 2010 birtust eftir að [A] hafði ásamt um 500 öðrum lýst yfir framboði sínu til svonefnds stjórnlagabings. Um var að ræða sérstaka samkomu 25 kjörinna fulltrúa, sem sett var á fót með sérstökum lögum frá Alþingi og skyldi gera tillögu að nýrri stjórnarskrá fyrir þjóðina. Kosid skyldi til þingsins í almennum kosningum, þar sem sömu reglur giltu um kjörgengi og kosningarétt og eiga við um kosningar til Alþingis“ ...

Þegar ummæli í a-c-lið dómkrafna stefnanda eru borin saman við skrif systranna á heimasíðu þeirra 2. nóvember 2010, verður að fallast á með stefnda, að bæði fyrirsögnin í a-lið og ummæli í b- og c-lið dómkrafna séu orðrétt endursögn úr bréfi þeirra. [...] Ekki verður heldur litið fram hjá því, að ásakanir systranna voru ekki að koma fram í fyrsta sinn, í tilefni framboðs stefnanda, heldur hafði þeim verið haldið fram í a.m.k.

nokkur ár og voru mörgum kunnar, þar á meðal lögreglu. [Kærandi] var því ekki að grípa á lofti ásakanir, sem í fyrsta sinn væri beint gegn [A], heldur að dreifa enn frekar löngu fram komnum staðhæfingum um lögbrot. Þá verður ekki heldur horft fram hjá þeim rökum [kærandi], að almenningur eigi rétt á upplýsingum um frambjóðendur í almennum kosningum. Með því að kynna sig sjálfir á opinberum vettvangi í því skyni að öðlast traust kjósenda og fá þá til að greiða sér atkvæði, verða [frambjóðendur] með vissum hætti opinberar persónur og geta ekki vænst þess að öll umfjöllun annarra um þá verði jafn jákvæð og þeirra eigin. Deilumál, útkljáð eða óútkljáð, um háttsemi þeirra fyrr á ævinni eru atriði, sem þannig má búast við að séu dregin fram í kosningabaráttu. Með þátttöku í keppni um hylli kjósenda gangast menn undir að geta verið óvægilega gagnrýndir og verða að þola slíkt að vissu marki, þótt þau mörk geti ráðist af hverju tilviki um sig. [Kærandi] gerði ásakanir systranna ekki að sínum, heldur dreifði þeim enn frekar en orðið var. Verður hann því ekki dreginn til ábyrgðar fyrir ummælin, sem eru beint höfð eftir systrunum sjálfum og þær hafa staðfest fyrir dómi, að séu frá þeim komin. Þá verður ekki fallist á með [A], að [kærandi] hafi með umfjöllun sinni 7. nóvember 2010 farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar.

...

Þau ummæli, sem greinir í d- og e-lið dómkrafna stefnanda, birtust 23. febrúar 2011, en kosningar til stjórnlagabings voru þá afstaðnar. Dóttir [A] hafði þá vikið að skrifum systranna um föður hennar í sjónvarpsviðtali og meðal annars lýst því yfir, að hann væri ekki opinber persóna og að ásakanir um barnanið ættu ekki heima í fjölmiðlum. Við þessari gagnrýni brugðust systurnar á vefsíðu sinni og eftir það [Pressunni], sem greindi frá viðbrögðunum. [...] Frumkvæði að því að hefja að nýju umræðu um mál [A] var ekki komið frá systrunum í það sinn, heldur fólu skrif þeirra í sér andsvör Ummæli í fyrirsögn á [Pressunni] sem getið er í d-lið kröfugerðar stefnanda, eru tekin upp úr svari systranna, en eru að hluta til umorðun á því, sem þar sagði. Það sem svo greinir í e-lið kröfugerðar stefnanda er að finna í miðri endursögn [Pressunnar], en hún er að miklu leyti orðrétt höfð eftir. Þessi tilteknu ummæli mætti þó allt eins skilja sem staðhæfingu miðilsins sjálfs eins og efnislega endursögn úr heimildargreininni. Jafnvel þótt með þessu hafi verið vikið frá beinni endursögn, er ályktunin almenns eðlis og vísar til barnaniðinga almenn. Þá hafa systurnar sjálfar borið fyrir dómi, að þær telji, að þarna sé rétt eftir þeim haft. Er það því niðurstaða dómsins, að með þeim ummælum, sem greinir í d- og e-lið kröfugerðar [kærandi], hafi ekki verið farið út fyrir mörk þess tjáningarfrelsis, sem varið er í 73. gr. stjórnarskrárinnar.“

19. 1. ágúst 2012 áfrýjaði A dómi héraðsdóms til Hæstaréttar.

20. Með dómi, sem kveðinn var upp 21. febrúar 2013, sneri Hæstiréttur að hluta við dómi héraðsdóms og taldi að ummælin í a-, b- og d-liðum og hluti ummælanna í c-liði, sem fælu í sér aðdróttanir um að A hefði gerst sekur um barnanið, væru ærumeiðandi og var kærandi gert að greiða 200.000 krónur (u.þ.b. 1.600 evrur) í miskabætur með vísan til skaðabótalaga, auk vaxta, auk 800.000 króna (u.þ.b. 6.500 evrur) í málskostnað A í héraði og fyrir Hæstarétti Með vísan til 241. gr. almennra hegningarlaga voru ummælin dæmd dauð og ómerk.

21. Að því er varðar lagarök tók Hæstiréttur fram að höfundur greinanna hefði verið nafngreindur og að kærandi hefði staðfest að hann hefði samþykkt birtingu greinanna. Þá staðfesti Hæstiréttur einnig að 15. gr. prentlaga tæki ekki til efnis sem einvörðungu væri birt á netinu. Ennfremur tók Hæstiréttur fram að ekki væri unnt að beita 3. mgr. 15 gr. prentlaga í málinu á grundvelli lögjöfnunar. Hins vegar hvíldi á kærandi eftirlitsskylda og bæri honum því

að haga ritstjórnarstöfum sínum þannig, að forðast skyldi, að birt efni ylli öðrum miska með ærumeiðandi aðdróttunum. Vísaði rétturinn í þessum efnum til dóms Hæstaréttar frá 24. nóvember 2011. Á þeim forsendum hafnaði Hæstiréttur þeirri málsástæðu kæranda að málshöfðuninni væri ranglega beint gegn honum.

22. Að því er varðar málsástæður var í dóminum m.a. að finna eftirfarandi röksemdafærslu:

„Fallast má á með [kæranda] að þeir sem gefa kost á sér til slíkra trúnaðarstarfa í þágu almennings þurfi að þola umfjöllun á opinberum vettvangi sem snertir hæfni þeirra og eiginleika og hvort þeir séu traustsins verðir til að axla slíka ábyrgð. Þetta gat hins vegar ekki réttlætt að áfrýjanda væri, án þess að annað og meira kæmi til, borin á brýn sú refsiverða háttsemi sem fram kom hjá miðlinum og varðar við almenn hegningarlög. Er þá til þess að líta að áfrýjandi hefur samkvæmt gögnum málsins hvorki verið fundinn sekur um þá háttsemi né sætt rannsókn lögreglu af slíku tilefni. Það fær þessu ekki breytt þótt blaðamaður vefmiðilsins hafi við vinnslu fréttarinnar rætt við [A], sem mun hafa vísað ásökunum á bug, og aðra sem töldu sig geta greint frá atvikum. Að öllu þessu virtu verður sú takmörkun á tjáningarfrelsi sem í þessu fólst talin hafa átt sér viðhlítandi stoð í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar.“ ...

## II. TILVÍSUN TIL LAGA OG RÉTTARFRAMKVÆMD

23. Ákvæðið í Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, sem um ræðir, er svohljóðandi:

### 73. gr.

„Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs, annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“

24. Í XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem ber fyrirsögnina „Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs“ er að finna eftirfarandi ákvæði, sem hér eiga við:

### 234. gr.

„Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

### 235. gr.

„Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

**236. gr.**

„Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

**241. gr.**

„Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.“

25. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er svohljóðandi:

“Heimilt er að láta þann sem:

- a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða
- b. ábyrgð ber á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. “

26. Í lögum nr. 57/1956, um prentrétt, í V. kafla, um ábyrgð á efni rita, er að finna eftirfarandi ákvæði sem við eiga:

**13. gr.**

„Hver sá, sem birtir eða dreifir eða á hlut að birtingu eða dreifingu annars rits en blaðs eða tímarits, ber refsí- og fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum laga, ef efni ritsins brýtur í bága við lög.“

**15. gr.**

„Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:

Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.“

27. 51. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla, sem tóku gildi 21. apríl 2011 er svohljóðandi:

**51. gr.**

„Ábyrgð á ritefni.

Ef ritefni brýtur í bága við lög fer um refsí- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:



a. Einstaklingur ber ábyrgð á því efni sem hann ritar í eigin nafni eða merkir sér með augljósum hætti sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Sé ritefni réttilega haft eftir nafngreindum einstaklingi ber sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annaðhvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.

b. Kaupandi viðskiptaboða, hvort heldur sem um einstakling eða lögaðila er að ræða, ber ábyrgð á efni þeirra sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli.

c. Í öðrum tilvikum en þeim sem tilgreind eru í a- og b-lið bera viðkomandi efnisstjóri og/eða ábyrgðarmaður fjölmiðlaveitu ábyrgð á því efni sem birt er.

Fjölmiðlaveita ber ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, féseka og skaðabóta sem starfsmanni hennar kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein.

Skylt er fjölmiðlaveitu að veita hverjum þeim sem telur á sér brotið með miðlun ritefnis upplýsingar um það hver beri ábyrgð á efninu.“

28. Með dómi 24. nóvember 2011 (mál nr. 100/2011), sem varðaði meiðyrðamál gegn ritstjórum og blaðamanni fréttablaðs og fréttaveitu, taldi Hæstiréttur Íslands að fyrir gildistöku fjölmiðlalaga hefði ekki verið í gildi nein viðeigandi lagaregla um ábyrgð ritstjóra vefrits sem birti efni einungis á netinu. Rétturinn taldi ennfremur að 15. gr. prentлага ætti ekki við og að lögjöfnun frá þeirri grein væri ekki tæk. Eigi að síður taldi rétturinn að á ritstjórunum hvíldi eftirlitsskylda og bæri þeim því að haga ritstjórnarstöfum sínum þannig, að forðast skyldi, að birt efni ylli öðrum miska með ærumeiðandi aðdróttunum.

## LAGAATRÍÐI

### I. MEINT BROTT GEGN 10. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

29. Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 21. febrúar 2013, hefði falið í sér íhlutun í tjáningarfrelsi hans, sem lög mæltu ekki fyrir um og ekki bæri nauðsyn til í lýðræðisþjóðfélagi og þar með brotið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans, sem er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutrægni dómstóla.“

30. Ríkið mótmælti þessari röksemdafærslu.

### **Meðferðarhæfi**

31. Að mati dómstólsins er kæra þessi ekki augljóslega illa ígrunduð í skilningi a-liðar 3. mgr. 35. gr. Mannréttindasáttmálans. Ennfremur telur dómstóllinn að hún sé ekki ómeðferðarhæf á neinum öðrum forsendum Hún verður því að teljast meðferðarhæf.

### **B. Málsástæður**

32. Óumdeilt er milli aðila að hinn umdeildi dómur hafi falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af tjáningarfrelsi kæranda, sem tryggt er samkvæmt 1. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmálans.

33. Eftir stendur að taka afstöðu til þess hvort afskiptin hafi verið „lögmælt“, hvort þau hafi haft „lögmætan tilgang“ og hvort „nauðsyn hafi borið til [þeirra] í lýðræðislegu þjóðfélagi.“

#### *1. Lögmælt*

##### **(a) Sjónarmið aðila**

34. Kærandi taldi að ekki væri mælt fyrir að lögum um ábyrgð hans á hinum ærumeiðandi ummælum, sem birt hefðu verið á fréttaveitunni, eins og Hæstiréttur hefði staðfest, þar sem engin lagaákvæði væru fyrir hendi varðandi ábyrgð ritstjóra á vefmiðlum. Ríkið taldi að afskiptin ættu sér stoð í lögum og réttarframkvæmd og vísaði m.a. til lagagreina í hegningarlögum, 26. gr. skaðabótalaga og ábyrgðar fjölmiðla í lýðræðislegu þjóðfélagi.

##### **(b) Álit dómstólsins**

35. Að því er varðar orðin „í samræmi við lög“ og „samkvæmt því sem lög mæla fyrir um“, sem koma fyrir í 8.-11. gr. Mannréttindasáttmálans, tekur rétturinn fram að hann hefur jafnan lagt „efnislegan“ skilning í hugtakið „lög“ en ekki „formlegan“; þannig tekur hugtakið bæði til ritaðra laga, þ.m.t. settra laga á lægri stigum, reglugerða sem settar eru af faglegum eftirlitsstofnunum samkvæmt sjálfstæðum valdheimildum sem þeim eru faldar af þjóðþingi, svo og til óskráðra laga. Hugtakið „lög“ ber að skilja þannig að það nái bæði til settra laga og „laga“ sem leiða af dómaframkvæmd. Almennt teljast til „laga“ þau ákvæði sem í gildi eru eins og þau hafa verið túlkuð af þar til bærum dómstólum (*Leyla Şahin gegn Tyrklandi* [GC], nr. 44774/98, § 88, ECHR 2005-XI, með frekari tilvísunum).

36. Dómstóllinn ítrekar að orðasambandið „sem lög mæla fyrir um“ í 2. mgr. 10 gr. [Mannréttindasáttmálans] felur ekki einvörðungu í sér þá kröfu að hin umdeilda ráðstöfun skuli eiga sér stoð í landslögum, heldur vísar það einnig til gæða viðkomandi laga. Lögin skulu vera aðgengileg þeim sem um ræðir og sett fram af nægilegri nákvæmni til þess að gera þeim kleift – með viðeigandi ráðgjöf, ef með þarf – til þess að sjá fyrir, að því marki sem eðlilegt

má telja miðað við aðstæður, þær afleiðingar sem tiltekið athæfi kann að leiða af sér (sjá m.a. *Rotaru gegn Rúmeníu* [GC], nr. 28341/95, § 52, ECHR 2000-V og *Maestri gegn Ítalíu* [GC], nr. 39748/98, § 30, ECHR 2004-I). Það kemur hins vegar fyrst og fremst í hlut innlendra yfirvalda, einkum dómstóla, að túlka og beita landsrétti (sjá, m.a., *Karácsony o.fl. gegn Ungverjalandi* [GC], nr. 42461/13, § 123, ECHR 2016 (útdrættir)).

37. Dómstóllinn veitir því athygli að um ómerkingu ummællanna sem um ræðir og álagningu miskabóta var mælt í hegningarlögum og skaðabótalögum (sjá 20. mgr. hér að framan). Ennfremur vekur dómstóllinn athygli á því að Hæstiréttur hafnaði kröfu A um að með lögjöfnun mætti byggja ábyrgð kæranda á efni vefmiðla á ákvæðum þágildandi prentлага nr. 57/1956, um ritstjórnarábyrgð. Hins vegar taldi Hæstiréttur að samkvæmt landsrétti bæri kæranda, sem ritstjóra, samkvæmt óskráðum lögum eftirlitsskyldu, sem fælist í að koma í veg fyrir birtingu efnis á vefsíðunni sem ylli öðrum miska, og var í því samhengi vísað í fyrri dóm Hæstaréttar í máli nr. 100/2011. Þegar litið er til eðlis ritstjórnarstarfsins sem um ræðir, þess að ábyrgðin hefði verið fyrirsjáanleg kæranda með viðeigandi lögfræðilegri ráðgjöf og þess að dómur Hæstaréttar fela í sér endanlega túlkun innlendra laga telur dómstóllinn að sýnt hafi verið fram á með fullnægjandi hætti að mælt hafi verið fyrir um ábyrgð kæranda í lögum í skilningi 2. mgr. 10 gr. Mannréttindasáttmálans.

## 2. Lögmætur tilgangur

38. Óumdeilt er milli aðila að afskiptin hafi verið í lögmætum tilgangi, þ.e. að vernda æru eða rétt annarra.

## 3. Nauðsynlegt í lýðræðislegu samfélagi

### (a) Sjónarmið aðila

#### (i) Kærandi

39. Kærandi taldi að ummælin þar sem ýjað var að kynferðisbrotum hefðu beinst gegn opinberri persónu og að það hefði verið staðfest af Hæstarétti. A hefði verið frambjóðandi til stjórnlagabings og upplýsingar um æru frambjóðandans hefðu átt erindi við almenning og þeim bæri að miðla til almennings. Ennfremur hefðu staðið yfir umræður á Íslandi varðandi málefni kynferðisbrota, einkum gegn börnum, og viðbrögð samfélagsins gegn slíkum brotum. Málið hefði því verið mikilvægt samfélagsmál og átt erindi við almenning.

40. Kærandi taldi að fréttagreinarar hefðu veið skrifaðar í samræmi við kröfur sem gerðar væru til fréttamanna og í góðri trú. Fréttamaðurinn sem hefði skrifað greinarar hefði leitað upplýsinga um bakgrunn áskananna og trúverðugleika þeirra sem höfðu þær uppi. Hann hefði rætt við þann sem áskanirnar hefðu beinst að, systurnar, þriðju konu sem einnig sagðist vera fórnarlamb, skyldmenni systranna, yfirvöld og atvinnurekanda annarrar

systurinnar. Pressan hefði sett fjarlægt milli sín og innihalds ummæla systranna og augljóslega vísað til þeirra sem staðhæfinga og þannig forðast að setja þær fram sem staðreyndir. Þeim sem ásakanirnar beindust að hefði verið gefið tækifæri til þess að gera athugasemdir og greint hefði verið frá því að hann neitaði ásökuninni. Ennfremur hefði í Pressunni verið greint frá viðbrögðum hans við ásökuninni, sem hann hefði lýst í öðrum miðlum.

41. Þá bar kærandi einnig að upplýsingarnar hefðu þegar verið aðgengilegar almenningi á netinu og að þeim hefði verið dreift víða. Ummælin í fréttagreinunum hefðu annað hvort verið byggðar á viðtali við aðra systurina eða á efni sem aðgengilegt var á vefsíðu systranna, og hefði í héraðsdómi verið fallist á það sjónarmið.

(ii) Ríkið

42. Að mati ríkisins hefði hin umdeilda takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda í þessu máli byggt á ríkri þjóðfélagslegri þörf og verið studd viðeigandi og fullnægjandi rökum, það er að segja [verndun] á mannorði og æru A. Hefðu aðgerðirnar verið hóflegar í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að.

43. Hélt ríkið því meðal annars fram að ummælin sem kærandi hefði birt hefðu talist staðreyndir og að íslenskir dómstólar hefðu því haft aukið svigrúm til mats við takmörkunina á tjáningarfrelsi hans. Ríkið féllst á það með kæranda að A, sem frambjóðandi í almennum kosningum, teldist opinber persóna, og að persónur sem í framboði væru í kosningum yrðu að sæta aukinni umfjöllun, en taldi jafnframt að slíkar persónur væru ekki sviptar stjórnarskrárvörðum réttindum sínum. Ummælin hefðu ekki verið nauðsynlegt framlag til opinberrar umræðu og hefðu leitt til ólögmætra ásakana á hendur A.

44. Ríkið benti á að þótt blaðamenn og fjölmiðlar gegndu mikilvægu hlutverki í miðlun upplýsinga í lýðræðislegu samfélagi hefði Mannréttinda-dómstóllinn áður viðurkennt að þótt blaðamenn hefðu rúmt frelsi til þess að gegna því hlutverki bæru þeir jafnframt tiltekna ábyrgð. Hefði Hæstiréttur talið að kærandi hefði ekki byggt á nægjanlega áreiðanlegum heimildum fyrir hinum birtu ummælum. Hann hefði látið undir höfuð leggjast að efna þær skyldur sem blaðamennsku fylgdu og rétturinn hefði tilgreint og að setja fram efnið í „góðri trú“. Hæstiréttur hefði metið hina gagnstæðu hagsmuni í málinu og rík þjóðfélagsleg þörf hefði verið á að takmarka tjáningarfrelsi kæranda.

45. Fjárhæð bótanna sem kæranda hefði verið gert að greiða hefði verið í fullu samræmi við viðurkennda dómvenju íslenskra dómstóla og á engan hátt íþyngjandi fyrir kæranda. Hún hefði verið fyrirsjáanleg og hófleg. Loks hefðu „viðurlögin“ verið í formi miskabóta samkvæmt skaðabótalögum en ekki refsingar samkvæmt almennum hegningarlögum.

**(b) Álit dómstólsins***(i) Meginreglur*

46. Meginreglurnar varðandi það álitaefni hvort afskipti af tjáningarfrelsi séu „nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi“ eru vel þekktar í réttarframkvæmd Mannréttindadómstólsins (sjá m.a. *Delfi AS gegn Eistlandi* [GC], nr. 64569/09, 131. 132. mgr., ECHR 2015, með frekari tilvísunum). Ennfremur hefur Mannréttindadómstóllinn fjallað um greinarmuninn sem gerður er á internetinu sem upplýsinga- og samskiptatæki, og prentmiðlum (sjá m.a. *Delfi AS gegn Eistlandi*, 133. mgr., sjá hér að framan, *Węgrzynowski og Smolczewski gegn Póllandi*, nr. 33846/07, 58. mgr., 16. júlí 2013, *Ritstjórn Pravoye Delo og Shtekel gegn Úkraínu*, nr. 33014/05, 63. mgr., ECHR 2011 (útdrættir) og *Times Newspapers Ltd gegn Bretlandi (nr. 1 og 2)*, nr. 3002/03 og 23676/03, 27. mgr., ECHR 2009).

47. Þar sem Mannréttindadómstóllinn hefur í fjölmörg skipti þurft að fjalla um deilumál þar sem nauðsynlegt er að ígrunda sanngjarnt jafnvægi milli réttarins til friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. og tjáningarfrelsis, hefur dómstóllinn þróað almennar meginreglur sem eiga rætur í ríkulegum dómafordæmum á þessu sviði (sjá m.a. *Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi* [GC], nr. 40454/07, 83.-93. mgr., ECHR 2015 (útdrættir)).

48. Einkum og sér í lagi er minnt á að til þess að 8. gr. komi til álita þarf atлага gegn æru manns að ná tilteknu alvarleikastigi og vera með þeim hætti að hún hafi í för með sér skerðingu á rétti manns til þess að njóta friðhelgi einkalífs. Þau viðmið sem til álita koma þegar rétturinn til tjáningarfrelsis er veginn á móti réttinum til friðhelgi einkalífs eru: erindi í almenna þjóðfélagsumræðu, hversu vel þekktur viðkomandi er og hvert sé efni fréttarinnar, fyrri háttsemi viðkomandi, aðferðin við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra, efni, framsetning og afleiðingar birtingarinnar og þyngd viðurlaganna sem ákvörðuð eru (sjá t.d. *Axel Springer AG gegn Þýskalandi* [GC], nr. 39954/08, 83. og 89.-95. mgr., 7. febrúar 2012 og *Von Hannover gegn Þýskalandi (nr. 2)* [GC], nr. 40660/08 og 60641/08, 108.-113. mgr., ECHR 2012).

*(ii) Gildi þessara meginreglna fyrir þetta mál*

49. Af hálfu dómstólsins er því veitt athygli, eins og tekið er fram af Hæstarétti í dómi réttarins frá 21. febrúar 2013, að hin umdeildu ummæli í greinunum sem birtust í Pressunni fólu í sér aðdróttun um að A hefði gerst sekur um barnaníð, sem er refsverð háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum. Með tilvísun til 241. gr. almennra hegningarlaga lýsti Hæstiréttur ummælin dauð og ómerk. Dómstóllinn sér ekki ástæðu til þess að vefengja það mat Hæstaréttar að ásakanirnar hafi verið ærumeiðandi eða að rökstuðningurinn sem rétturinn byggði á hefði haft þann lögmæta tilgang að vernda réttindi og mannorð A.

50. Dómstóllinn mun nú taka til athugunar hvort þessar röksemdir voru fullnægjandi í skilningi 10. gr. Að því er varðar það álitamál hvort greinarnar hefðu átt erindi við almenning, veitir dómstóllinn því athygli að A var frambjóðandi til stjórnlagabings, sem var samkunda tuttugu og fimm manna sem kosnir voru í almennum kosningum í þeim tilgangi að setja fram tillögur um nýja íslenska stjórnarskrá. Ennfremur er kynferðislegt ofbeldi gegn börnum alvarlegt mál sem varðar almannahagsmuni. Dómstóllinn er þannig sammála kæranda um að almenningur hafi átt lögmeða hagsmuni af því að fá upplýsingar um framboð A í almennum kosningum og um svo alvarleg mál sem barnanið er.

51. Að því er varðar spurninguna um það hversu vel kunnur kærandi var og um efni greinarinnar, telur dómstóllinn að með því að bjóða sig fram í almennum kosningum hlyti A að teljast hafa óhjákvæmilega og vitandi vits stigið fram á sjónarsvið almennings og gengist undir að náíð yrði fylgst með framferði hans. Mörk ásættanlegrar gagnrýni hljóta því að vera rýmri en ef um væri að ræða einstakling í einkalífi eða almennu starfi (sjá m.a. *Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi*, sjá hér að framan, 117. - 123. mgr. og *Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi*, nr. 43380/10, 65. mgr., 10. júlí 2012, með frekari tilvísunum).

52. Dómstóllinn veitir því athygli að hvorki hinir innlendu dómáramar né málsaðilar gerðu athugasemdir við fyrri háttsema A.

53. Að því er varðar aðferðirnar sem beitt var við öflun upplýsinganna í þessu máli og sannleiksgildi þeirra telur dómstóllinn að engar sérstakar forsendur hafi verið til þess að leysa fjölmiðlana undan hefðbundinni skyldu þeirra að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir sem eru ærumeiðandi fyrir einstaklinga. Verður litið til hinna umdeildu greina í heild með sérstöku tilliti til orðanna sem notuð eru í umþrættum hlutum greinanna og samhengi birtingarinnar, svo og framsetningarmáta hennar. Fyrir dóminum liggur að kanna hvort kærandi hafi verið í góðri trú og tryggt að greinarnar hafi verið skrifaðar í samræmi við þá almennu skyldu blaðamanna að kanna staðhæfingar um staðreyndir. Í þessari skyldu felst krafa um að blaðamaður reiði sig á nægjanlega nákvæmar og áreiðanlegar staðreyndir, sem telja mætti hæfilegar í ljósi þess hvers eðlis og hversu alvarleg staðhæfingin um þær er, með hliðsjón af því að þeim mun alvarlegi sem staðhæfingin er, því traustari þarf staðreyndagrunnurinn að vera (sjá m.a. *Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi*, nr. 46443/09, 71.gr., 10. júlí 2012).

54. Í þessu máli fellst dómstóllinn á að blaðamaðurinn hafi leitast við að sannreyna trúverðugleika systranna og sannleiksgildi staðhæfinganna með því að eiga viðtal við nokkra aðra viðkomandi aðila, m.a. systurnar, son A, lögregluna, atvinnurekanda annarrar systurinnar, annað meint fórnarlamb og annað fólk sem nefnt er í skrifum systranna. Einnig reyndi blaðamaðurinn að fá viðtal við Barnaverndarstofu, en án árangurs (sjá 14. mgr. hér að framan).

55. Einnig veitir dómstóllinn því athygli að í greinunum þar sem hin umdeildu ummæli voru sett fram og í öðrum greinum sem birtust í Pressunni

um sama efni á sama tíma voru viðtölin við systurnar og staðhæfingar settar fram með tilteknum mótvægisþáttum, þar sem blaðamaðurinn, sem skrifaði greinina, bauð A að gera athugasemdir við ásakanir systranna. A brást við með því að neita ásökununum og með því að lýsa yfir að hann hygðist ekki ræða málið frekar. Blaðamaðurinn reyndi að ná sambandi við A varðandi síðari greinar, en án árangurs. Í síðari greinum, sem birtust í Pressunni um málið, var hins vegar greint frá viðbrögðum A, þar sem hann hafnaði ásökununum. Ennfremur var í grein sem birtist 8. nóvember 2011 greint frá viðbrögðum A við ásökununum sem birtar höfðu verið í öðru dagblaði, Vísi, og í grein sem birt var 22. febrúar 2011 var greint frá hlutum sjónvarpsviðtals við dóttur A um málið (sjá 7. - 10. mgr. hér að framan).

56. Dómstóllinn ítrekar ennfremur að almenn krafa um að blaðamenn segi sig með kerfisbundnum og formlegum hætti frá efni tilvitnunar, sem kynni að móðga aðra eða ögra þeim eða meiða æru þeirra, samræmist ekki því hlutverki fjölmiðla að veita upplýsingar um atburði, skoðanir og hugmyndir samtímans (sjá m.a. *Saygılı og Falakaoğlu gegn Tyrklandi*, nr. 39457/03, 23. mgr., 21. október 2008) og að „refsing blaðamanna fyrir að hafa milligöngu um miðlun staðhæfinga annarra í viðtali torvelda með alvarlegum hætti framlag fjölmiðla til umræðu um efni sem á erindi við almenning og ætti ekki að koma til álita nema sérstaklega brýnar ástæður séu til þess“ (sjá t.d. *Delfi AS gegn Eistlandi*, sjá hér að framan, 135 gr.).

57. Við þessar aðstæður, og með það í huga að kærandi var ritstjóri en ekki blaðamaður, telur dómstóllinn að kærandi hafi verið í góðri trú og tryggt að greinin væri skrifuð í samræmi við þá almennu skyldu blaðamanna að sannreyna staðhæfingu um staðreynd.

58. Að því er varðar efni, form og afleiðingar hinnar umdeildu ummæla, telur dómstóllinn í fyrsta lagi að samkvæmt niðurstöðum Hæstaréttar töldust hin umdeildu ummæli vera staðhæfingar um að A væri barnaníðingur, og með vísan til 241. gr. almennra hegningarlaga lýsti Hæstiréttur ummælin dauð og ómerk, eins og getið er hér að framan. Dómstóllinn tekur undir að þær aðdróttanir hafi verið þess eðlis og svo alvarlegar að þær væru til þess fallnar að skaða æru A og mannorð.

59. Á hinn bóginn er ljóst að hin umdeildu ummæli áttu sér ekki uppruna hjá kæranda sjálfum, né heldur hjá blaðamanninum sem greinina skrifaði, heldur hjá systrunum. Þær höfðu þegar á árinu 2008 skrifað bréf sem hafði að geyma hluta af ásökununum og sent það til frændgarðs síns, lögreglunnar og Barnaverndarstofu. Þær höfðu birt umrætt bréf og öll hin umdeildu ummæli á eigin vefsíðu áður en greinarnar voru birtar í Pressunni. Eins og fram kemur í niðurstöðum íslensku dómstólanna voru a-c og d-liðir í 12. mgr. orðréttar endursagnir á ummælum systranna í bréfi þeirra, á vefsíðu þeirra og í viðtölum þeirra við blaðamanninn sem skrifaði greinarnar. Þá staðfestu þær síðar að ummæli þeirra hefðu verið rétt eftir höfð og birt með samþykki þeirra (sbr. 15. og 18. mgr. hér að framan).

60. Að því marki sem sakfelling kæranda kann að hafa þjónað þeim réttmætu hagsmunum að vernda A gegn hinum umþrættu ærumeiðandi ásökunum systranna, voru þeir hagsmunir að mati dómstólsins að mestu tryggðir með þeim úrræðum sem honum stóðu opin samkvæmt íslenskum lögum, að höfða meiðyrðamál á hendur systrunum. Að mati dómstólsins skiptir sú staðreynd máli að A skyldi velja að hefja málsókn gegn ritstjóranum einum, þ.e. kæranda. Vísar dómstóllinn í þessu samhengi til þeirrar staðreyndar að lögmaður A sendi systrunum bréf þar sem boðnar voru sættir í málinu en að öðrum kosti yrði höfðað meiðyrðamál gegn þeim. Hins vegar má ráða af skýrslum, sem systurnar gáfu fyrir héraðsdómi, að A hefði aldrei höfðað meiðyrðamál gegn þeim. Við þær aðstæður vaknar sú spurning hvort kæranda hafi boðist raunverulegt tækifæri til þess að hreinsa sig af ábyrgð með því að sýna fram á að hann hefði verið í góðri trú og, að því er varðar staðhæfingar um staðreyndir, sannreynt sannleiksgildi þeirra.

61. Varðandi þyngd refsingarinnar sem ákvörðuð var, vekur dómstóllinn athygli á því að meiðyrðamálinu, sem höfðað var gegn kæranda, lauk með dómsorði Hæstaréttar þar sem ummælin voru ómerkt og kæranda var gert að greiða A 200.000 krónur í miskabætur með vísan til skaðabótalaga, auk vaxta, og 800.000 krónur í málskostnað A í héraði og fyrir hæstarétti. Þótt bæturnar feli ekki í sér refsingu samkvæmt hegningarlögum, og þótt fjárhæðin kunnir ekki að virðast íþyngjandi, vill dómstóllinn ítreka að við mat á meðalhófi, hvort sem viðurlögin teljast minni háttar eða ekki, skiptir máli sú staðreynd ein og sér að dómur hafi verið kveðinn upp gegn viðkomandi, jafnvel þegar niðurstaðan er alfarið einkaréttarlegs eðlis. Hvers kyns ótilhlýðilegri takmörkun á tjáningarfrelsi fylgir í raun hætta á því að hindra eða lama framtíðarumfjöllun fjölmiðla um sambærileg álitamál (sjá t.d. *Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi*, sjá hér að framan, 151. mgr.).

62. Að öllu því virtu sem hér að framan greinir telur dómstóllinn að þótt rökstuðningur íslensku dómara sé viðeigandi verði hann ekki talinn nægjanlegur til þess að réttlæta afskiptin sem um er deilt. Við mat á málavöxtum eins og þeir voru lagðir fram til umfjöllunar af hálfu Hæstaréttar tók rétturinn ekki tilhlýðilegt tillit til þeirra meginreglna og viðmiða sem leiða af réttarframkvæmd Mannréttindadómstólsins um að vega réttinn til friðhelgi einkalífs á móti réttinum til tjáningarfrelsis. Þannig fór rétturinn út fyrir það svigrúm til mats sem honum bar og gætti því ekki eðlilegs jafnvægis í meðalhófi milli þeirra aðgerða sem gripið var til, þ.e. að að skerða tjáningarfrelsi kæranda, og þess lögmeta markmiðs sem stefnt var að.

Í ljósi þessa er það niðurstaða dómstólsins að brotið hafið verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans.

## II. GILDI 41. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

63. 41. gr. Mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:



„Dómurinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

64. Kærandi setti ekki fram kröfu um sanngjarnar bætur. Því telur dómurinn að ekki sé tilefni til þess að dæma neina fjárhæð af þeim sökum.

## AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMURINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU

1. að kærán sé tæk til meðferðar.
2. að brotið hafi verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans.

Gert á ensku og tilkynnt skriflega hinn 16. mars 2017 skv. 2. og 3. mgr. 77. gr. reglna dómstólsins.

Renata Degener  
Aðstoðarritari

Linos-Alexandre Sicilianos  
Forseti